

# Ársáætlun Umhverfisstofnunar



Eftirfarandi er ársáætlun Umhverfisstofnunar fyrir árið 2019.  
Í henni er að finna yfirlit yfir verkefni sem samþykkt hefur verið að vinna árinu í  
samræmi við stefnu stofnunarinnar og stjórnvalda.

# Þetta er Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun hefur hag komandi kynslóða og náttúrunnar að leiðarljósi í allri stefnumótun og störfum stofnunarinnar. Á árinu 2019 eru loftslagsmál fyrirferðarmikil sem og margs konar náttúruvernd, úrgangsmál, haf- og vatnamál, sjálfbærni og plastmengun svo aðeins örfárra málaflokka sé getið sem eru á könnu starfsfólks Umhverfisstofnunar.

Gildi Umhverfisstofnunar eru framsýni, samstarf og árangur. Við erum leiðandi afl í umhverfismálum og náttúruvernd í samfélaginu og fylgjumst grannt með þróun mála. Við nýtum styrkleika hvers annars til að leita bestu lausna og leitum í ríkum mæli samstarfs við almenning og hagsmunaaðila þar sem gagnsæi er lykilatriði. Við setjum okkur markmið, mælum árangur og miðlum niðurstöðum.

Með framsýni og samstarfi náum við árangri fyrir komandi kynslóðir og náttúruna.

Starfsemi Umhverfisstofnunar er út um allt land. Auk höfuðstöðvanna í Reykjavík rekum við níu starfstöðvar hringinn í kringum landið. Þær eru á Snæfellsnesi, Patreksfirði, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Hellu, í Haukadal og í Vestmannaeyjum. Hjá Umhverfisstofnun eru störf án staðsetningar því ekki draumsýn heldur veruleiki, enda starfar hjá stofnuninni metnaðarfullt fólk með þekkingu og reynslu sem ber hagsmuni umhverfisins fyrir brjósti. Ársáætlun ársins 2019 markast af þessari stöðu stofnunarinnar og veitir yfirsýn yfir hag íbúa hvar á landi sem er. Þá er alþjóðasamstarf veigamikill hluti af störfum okkar.

Ein af forsendum þess að ná árangri byggir á hópvinnu, sem er ríkjandi vinnufyrirkomulag í starfi Umhverfisstofnunar. 12 fagteymi eru meginstöðirnar í faglegu starfi. Fyrir hverju teymi fer teymisstjóri sem hefur yfirsýn yfir verkefni teymismeðlima og framvindu þeirra. Teymisstjóri forgangsraðar verkefnum og dreifir álagi eftir bestu getu. Fyrirkomulagið eykur skilvirkni og sýna kannanir innanhúss að starfsfólki finnst gott að vinna í teyimum.

Okkar fólk leggur sig fram við að veita mikilvæga þjónustu og ber hag komandi kynslóða og náttúru fyrir brjósti í allri hugsun og störfum.

# Þetta eru gildi Umhverfisstofnunar

## Framsýni

Við erum leiðandi afl í samfélaginu og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála.

## Samstarf

Við nýtum styrkleika hvers annars og leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila

## Árangur

Við setjum okkur markmið, mælum árangur og miðlum niðurstöðum

Með framsýni og samstarfi náum við árangri fyrir komandi kynslóðir og náttúruna.



# Þetta eru markmið Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur sett sér markmið og stefnu fyrir árin 2018 til 2022. Ársáætlun er gerð til að tryggja að við séum sífellt að vinna að þeim markmiðum sem að er stefnt. Verkefni ársins 2018 eru því birt undir viðeignadi markmiðum. Við gerð ársáætlunar er kappkostað að setja saman áætlun sem gerir okkur kleift að vinna skipulega til að ná góðum árangri.

Áhersluverkefni eru þau verkefni sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til að tryggja að hún uppfylli hlutverk sitt. Við forgangsröðun verkefni er litið til úttekta á gæðakerfi, úttektun innlendra sem erlendra aðila auk annarra nauðsynlegra og áriðandi verkefna sem eiga að tryggja að með framsýni og samstarfi náum við árangri fyrir komandi kynslóðir og náttúruna.

Jafnfram eru sett fram yfirlit yfir helstu afgreiðsluverkefni stofnunarinnar, áætlaðan fjölda þeirra og málshraða ef við á.



## 1. Loftslagsmál og bætt loftgæði

- 1.1. Tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengileg almenningi.
- 1.2. Tryggja að losunarbókhald standist evrópskar og alþjóðlegar kröfur.
- 1.3. Styrkur loftmengunarefna sé undir tilskildum mörkum.
- 1.4. Tryggja að aðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir uppfylli kröfur.
- 1.5. Vinna við stefnu og aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

Lýsing verkefnis	Teymi
Samanburður á mældum gildum vegna eiginleika olíu (brennslugildi og kolefnisinnihald) í losunarbókhaldi.	Teymi loftslags og loftgæða
Kortlagning ábyrgðarskiptingar í loftgæðamálum	Teymi loftslags og loftgæða
Verkerill um aðgerðir á tímum eldgosa á Íslandi	Teymi loftslags og loftgæða
Verkerill vegna yfirferðar vöktunaráætlana vegna CORSIA	Teymi loftslags og loftgæða
Greinargerð um endurúthlutun til iðnfyrirtækja í ETS	Teymi loftslags og loftgæða
Verkerill um notkun á Copert	Teymi loftslags og loftgæða
Uppfæra laga og reglugerðir sem birtast á heimasíðu UST	Teymi loftslags og loftgæða
Stutt samantekt loftslagsbókhalds send stefnumarkandi stjórnvalda	Teymi loftslags og loftgæða

Lýsing afgreiðsluverkefnis	Áætlun 2016	Raun 2016	Áætlun 2017	Raun 2017	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2019	Máls- hradi
Yfirferð skýrslna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum starfsstöðvum í iðnaði	10	10	11	11	11	11	11	60
Afgreiðsla umsókna um losunarleyfi vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	2	2	1	2	0	0	0	
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	1	1	1	1	0	0	0	
Breytingar á vöktunaráætlun vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	2	2	2	3	4	3	3	
Yfirferð á skýrslu um úrbætur	0	4	0	6	4	2	2	
Úthlutun úr sjóði nýrra þátttakenda	0	0	0	0	3	0	0	
Gerð áætlunar á losun vegna staðbundinnar starfsemi hafi losunarskýrsla ekki borist	0	0	0	0	0	0	0	
Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs	0	1	0	1	0	0	0	
Yfirferð vöktunaráætlana vegna flugs	0	1	0	1	0	0	0	
Yfirferð losunarskýrslna vegna flugs	4	5	5	6	4	5	5	
Yfirferð á skýrslu um úrbætur	0	0	0	2	2	1	0	
Samþykkt á breytingu á vöktunaráætlun vegna flugs	0	0	0	0	0	0	0	
Útreikningur og/eða úthlutun losunarheimilda	10	10	10	9	9	9	9	
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	1	3	2	4	1	1	0	60
Gerð áætlunar á losun flugrekanda hafi losunarskýrsla ekki borist	0	0	0	0	0	0	0	-
Yfirferð skýrslan frá starfsstöðvum sem ekki falla undir viðskiptakerfi ESB	0	0	0	0	0	0	3	
Gagnkvæm viðurkenning faggildingar	0	0	0	0	0	0	0	
CORSIA: Yfirferð vöktunaráætlana vegna flugs	-	-	-	-	5	0	4	-

## 2. Verndun náttúru

- 2.1. Fjölgun/stækkun friðlýstra svæða í samræmi við náttúruminjasrá
- 2.2. Gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði
- 2.3. Viðhald á verndargildi náttúruverndarsvæða með daglegri umsjón og stýringu.
- 2.4. Viðhald á verndargildi náttúruverndarsvæða með innviðaupbyggingu og stýringu.
- 2.5. Takmarka tjón af völdum framandi ágengra tegunda og erfðabreyttra lífvera

Lýsing verkefnis	Teymi
Tillaga um sæmræmda stjórnun minkaveiða	Teymi Lífríkis og veiðistjórnunar
Verndarsvæði í hafi - hlutverk stjórnvalda	Teymi friðlýsinga og áætlana
Verkferill vegna stöðvunar athafna og framkvæmda skv. nvl	Teymi starfsleyfa og umsagna
Verkferill vegna breytinga og afturköllunar leyfis skv. nvl.	Teymi starfsleyfa og umsagna
Verkferill vegna brota á náttúruverndarlögum	Teymi starfsleyfa og umsagna
Tillögur um áherslur í umsjón og eftirliti með náttúruverndarsvæðum á hálendinu (77.gr.)	Náttúrusvæðateymi
Gerð verklags um meðferð ábendinga varðandi akstur utan vega	Náttúrusvæðateymi
Svæðisbundin þjónustuáætlun fyrir friðlýst svæði	Náttúrusvæðateymi
Endurskoðun og endurmat á Grænni helgi	Náttúrusvæðateymi
Samstarf við Neytendastofu vegna aksturs utan vega	Náttúrusvæðateymi
Verkferill um eftirlit með leyfisskyldum athöfnum	Teymi náttúruverndar norður
Viðmiðunartímar við gerð stjórnunar- og verndaráætlana	Teymi friðlýsinga og áætlana

Lýsing afgreiðsluverkefnis	Áætlun 2016	Raun 2016	Áætlun 2017	Raun 2017	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2019	Máls- hradi
Friðlýsingar	4	1	3	2	5	0	13	
Ársfundur náttúruverndarnefnda	1	1	1	1	1	1	1	
Skýrsla um friðlýsingar	1	1	1	1	1	1	1	
Stjórnunar- og verndaráætlanir	10	3	11	6	8	2	9	
Landvarðanámsskeið (hvert námskeið 110 klst.)	1	1	1	1	1	1	1	
Fjöldi sjálfboðaliðavikna	400	351	360	365,4	240	254,6	240	
Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega	25	20	25	35	25	40	25	
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	1	1	1	
Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum	9	6	7	5	6	4	55	
Útgefnir bæklingar	1	1	1	3	2	0	1	
Fjöldi landvörsluvikna	206	256,5	362	581	255	640	675	
Ástandsskýrsla - rauði listinn	1	0	1	1	0	0	1	
Fjöldi eftirlitsferða vegna leyfa á friðlýstum svæðum	45	48	45	48	50	103	100	
Fjöldi afgreiðslu leyfisumsókna á friðlýstum svæðum	70	68	70	38	40	100	120	
Tímabundin lokun svæða		1	5	2	5	3	4	
Leyfi til utanvegaaksturs	-		10	6	10	41	45	
Takmörkun eða lokun svæða í óbyggðum			5	0	5	0	1	
Ákvörðun um ólögmetar hindranir			5	0	5	2	3	
Samþykki vegaskrár			10	0	0	0	0	
Umsagnir vegna framkvæmda sem hafa áhrif á friðlýst svæði			10	3	10	0	2	
Áskorun um að láta af athöfnum eða athafnaleysi			5	1	5	2	4	

### 3. Verndun vatns, hafs og stranda

- 3.1. Allt vatn á Íslandi uppfylli kröfur um gæði.
- 3.2. Almennigur og hagsmunaaðilar séu upplýstir um stöðu vatnamála.
- 3.3. Fráveitur standist kröfur laga og reglugerða.
- 3.4. Viðbúnaður við bráðamengun verði í samræmi við áhættumat.
- 3.5. Gott ástand hafs og stranda m.t.t mengunar.

Lýsing verkefnis	Teymi
Gera flokkunarkerfi fyrir ástand vatnshlota í hverri gerð	Teymi haf og vatns
Viðmið fyrir losun efna í vatn	Teymi haf og vatns
Endurskoðun á vefsíðunni vatn.is	Teymi haf og vatns
Fræðslumyndband um vatnsauðlindina	Teymi haf og vatns
Endurbætur sveitarfélaga í fráveitumálum	Teymi haf og vatns
Leiðbeiningar til hafna vegna viðbragða við bráðamengun	Teymi haf og vatns
Sýnataka vegna olíumengunar	Teymi haf og vatns
Skrifborðsæfing - bráðamengun!	Teymi haf og vatns
Vöktun á plasti í hafi og á ströndum á heimasíðu	Teymi haf og vatns
Gáttlisti um eftirlit með tilkynningum um úrgang og farmleifar	Teymi haf og vatns
Útgáfa á kjölfestudagbók	Teymi haf og vatns
Endurskoðun á leiðbeinandi reglum um varp dýpkunarefna	Teymi haf og vatns

Lýsing afgreiðsluverkefnis	Áætlun 2016	Raun 2016	Áætlun 2017	Raun 2017	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2019	Máls- hradi
Leyfi fyrir varpi í hafið	8	8	9	4	9	5	8	60
Samþykki fyrir lagningu sæstrengja	1	1	1	2	1	0	1	-
Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs	48	20	20	11	23	20	23	-
Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna	1	0	1	0	0	0	0	-
Eftirlit með móttöku úrgangs í höfnum	12	12	18	16	18	15	4	
Eftirlit með olíugeymum á hafnarsvæðum					0			
Notkun mengunarvarnarbúnaðar								



## 4. Verndun heilnæms umhverfis

- 4.1. Skýrar kröfur um umhverfisstjórnun fyrirtækja og heimildir til losunar.
- 4.2. Áhættumiðað eftirlit með atvinnustarfsemi og markviss eftirfylgni.
- 4.3. Aukin samræming eftirlits innan sem utan stofnunar
- 4.4. Örug og ábyrg notkun efnavara.
- 4.5. Lágmarka notkun hættulegra efna.

Lýsing verkefnis	Teymi
Áhættumat fyrir stóra urðunarstaði	Teymi mengunareftirlits
Áhættumat fyrir verksmiðjur	Teymi mengunareftirlits
Áhættumat fyrir malbikunarstöðvar	Teymi mengunareftirlits
Áhættumat fyrir þauleidi	Teymi mengunareftirlits
Áhættumat í fiskeldi - uppfærsla og samantekt	Teymi mengunareftirlits
Skilgreining á frávikum í eftirliti	Teymi mengunareftirlits
Uppfærsla á eftirlitshandbók	Teymi mengunareftirlits
Verklagsreglur um móttöku á úrbótaáætlunum	Teymi mengunareftirlits
Áætlun um að draga úr notkun á plöntuverndarvörum í þéttbýli, meðfram vegum og í manngerðu umhverfi og gegn ágengum tegundum	Teymi efnamála
Innleiðing á nýrri merkingarkröfu á hættulegum efnavörum	Teymi efnamála
Verklagsregla - álit - endurnýjanlegt eldsneyti	Teymi efnamála
Kynningarfundur um sæfivörur á markaði	Teymi efnamála
Skráningar efna skv. REACH í stórum iðjuverum	Teymi efnamála
Stafræn notendaleyfi	Teymi efnamála
Upplýsingaskylda og miðlun upplýsinga um niðurstöður eftirlits	Teymi efnamála
Greining á reglugerðarheimildum efnalaga	Teymi efnamála
Efnagreiningar á ryki innandryra	Teymi efnamála
Undirbúningur fyrir úttekt IMPEL á starfsleyfisvinnslu	Teymi starfsleyfa og umsagna
Uppfærðir verkferill umsagna um skipulagsmál	Teymi starfsleyfa og umsagna
Uppfærsla verkferil og umsóknareyðublað vegna erfðabreyttra lífvera	Teymi starfsleyfa og umsagna
Uppfæra feril umsagna um mat á umhverfisáhrifum	Teymi starfsleyfa og umsagna
Gerð verkferils um breytingu á starfsleyfi	Teymi starfsleyfa og umsagna
Meðhöndlun dýraafurða- leiðbeiningar	Teymi mengunareftirlits
Þarfagreining vegna gagnagrunna fyrir teymi efnamála	Teymi efnamála

Lýsing afgreiðsluverkefnis	Áætlun 2016	Raun 2016	Áætlun 2017	Raun 2017	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2019	Máls- hradi
Notendaleyfi	55	60	25	30	25	38	30	20
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru	2	0	0	1	5	2	7	120
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi fyrir sæfivöru	3	2	5	6	6	6	4	90
Fjöldi eftirlitsverkefna	8	10	13	10	18	12	20	
Markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru	0	0	0	0	0	0	0	
Afgreiðslu umsóknar um rýmkun leyfa vegna minniháttar notkunar á plöntuverndarvöru	0	0	0	0	0	0	0	
Útgáfa leyfis fyrri hlöðstæðum viðskiptum með plöntuverndarvörur	0	0	0	0	0	0	0	
Veiting undanþágu til að leysa bráðan vanda í tengslum við plöntuvernd	0	0	0	0	0	0	0	
Veiting undanþágu frá markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru, þar sem nota á vöruna í rannsóknar eða þróunarvinnu	0	0	0	1	0	0	0	120
Breyting á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru	0	0	0	0	0	0	0	
Breyting á gagnkvæmri viðurkenningu á markaðsleyfi	0	0	0	0	0	0	0	
Breyting á tímabundinni skráningu fyrir plöntuverndarvörur	30	32	30	61	30	40	30	
Tillögur að reglugerðum	20	17	15		17	-	15	-
Greiningar á EES - gerðum	90	115	100	99	100	100	100	-
Mengunarvarnaeftirlit	90	90	85	83	83	175	139	45
Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunarvarnaeftirlits	25	8	20	-	25	68	60	-
Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp	12	7	10	-	10	4	8	-
Umsagnir vegna stjórnáhrifa	5	11	10	7	10	9	10	14
Mat á umhverfisáhrifum	30	52	50	45	50	80	90	15-21
Umsagnir um skipulagsáætlanir	224	199	200	215	220	265	300	120?
Starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur- útgöfin	29	9	38	7	35	22	30	180
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	15	22	15	10	15	22	20	14
Leyfisveitingar vegna rannsóknarleyfa á friðlýstum svæðum	12	25	20	15	15	11	15	
Breytingar á starfsleyfum fyrir mengandi atvinnurekstur				1	5	7	7	
Umhverfisábyrgð				2	2	1	0	

## 5. Sjálfbær nýting auðlinda

- 5.1. Draga úr myndun úrgangs.
- 5.2. Efla hringrásarhagkerfið
- 5.3. Upplýsingagjöf til að bæta auðlindanýtingu.
- 5.4. Veiðistofnar í jafnvægi.
- 5.5. Upplýstir og öruggir veiðimenn.

Lýsing verkefnis	Teymi
Rýna kosti og galla þess að skipta upp hreindýraveiðitímabilinu.	Teymi Lífrikis og veiðistjórnunar
Leiðsögumannanámskeið með hreindýraveiðum	Teymi Lífrikis og veiðistjórnunar
Forskrift og verkáætlun um stjórnunaráætlanir	Teymi Lífrikis og veiðistjórnunar
Endurskoðun laga 64/1994	Teymi Lífrikis og veiðistjórnunar
veflægt Veiðikortanámskeið	Teymi Lífrikis og veiðistjórnunar
Skref í átt að aukinni endurvinnslu heimilisúrgangs	Teymi græns samfélags
Bætt tölfræði yfir byggingar- og niðurrifsúrgang	Teymi græns samfélags
Opin upplýsingafundur um úrgangsmál	Teymi græns samfélags

Lýsing afgreiðsluverkefnis	Áætlun 2016	Raun 2016	Áætlun 2017	Raun 2017	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2019	Máls- hradi
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	8	7	7	8	8	10	8	45
Leyfi til urðunar á sóttmengudum dýraúrgangi	14	2	5	6	6	3	0	3
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa	17	16	18	18	19	23	20	30
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	4	3	2	0	0	1	3	90
Fjöldi skotvopnanámskeiða (fjöldi þátttakenda)	24(600)	22(631)	24(600)	17(544)	24(600)	19(742)	21(600)	-
Fjöldi veiðinámskeiða (fjöldi þátttakenda)	24(600)	16(514)	24(570)	15(462)	24(570)	18(643)	21(570)	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	1	0	1	0	0	0	1	-
Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs	0,92	0,84	0,92	0,9	0,92	0,91	0,91	-
Móttaka og skráning á veiðiskýrslna	12000	10737	12000	11615	12000	11750	12000	-
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	4000	3209	4000	3301	4000	3177	3500	-
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	100	99	7	2	5	1	4	40
Útgefin veiðikort	12000	10600	12000	10851	12000	11457	12000	3
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiði	1300	1237	1315	1312	1450	1400	1451	5 - 7
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	20	8	15	8	10	10	8	15
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga	20	29	40	53	40	18	50	-
CITES leyfisveitingar	20	19	20	34	50	49	50	15
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	2	0	2		2	0	2	14
Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum	2	2	2	0	0	0	0	-
Leyfi til innflutnings á framandi lífverum				5	4	0	4	
Umsagnir um undanþágur varðandi skotvopn	30	5	15	0	3	0	2	

## 6. Grænt og framsýnt samfélag

- 6.1. Efla grænan lífsstíl hjá almenningi
- 6.2. Efla grænan rekstur fyrirtækja og stofnana.
- 6.3. Fjölga umhverfismerktum vörum og þjónustu á markaði.
- 6.4. Virk upplýsingagjöf um hollustuhætti
- 6.5. Lágmarka hávaðamengun.

Lýsing verkefnis	Teymi
Markaðssetning á grænn.is	Teymi græns samfélags
Markaðssetning Svansins á Íslandi	Teymi græns samfélags
Svanurinn og fyrstu 1000 dagar barnsins	Teymi græns samfélags
Vitundarvakning meðal iðnnema í byggingariðnaði	Teymi græns samfélags
Skref í átt að bættari skráningu á slysum barna	Teymi græns samfélags
Beiðni til UAR um fjárframlag til myndbandsgerðar um öryggi barna í sundi	Teymi græns samfélags
"Líttu þér nær" - Vitundarvakning um losun vegna innkaupa	Teymi loftslags og loftgæða

Lýsing afgreiðsluverkefnis	Áætlun 2016	Raun 2016	Áætlun 2017	Raun 2017	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2019	Máls- hradi
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	50	52	52	52	58	54	54	-
Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi	8	0	5	14	14	15	15	-
Umsóknir um Svansleyfi	3	8	5	7	7	7	7	-
Yfirferð árskýrslna leyfishafa Svansins	19	19	25	24	24	23	30	-
Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins	3	7	11	17	10	10	12	-
Viðbótareftirlitsferðir Svansins	0	1	0	0	0	0	0	-
Útgefin Svansleyfi	2	6	5	3	5	4	5	-
Endurvottun Svansleyfi	8	8	7	1	6	5	1	-

## 7. Markviss upplýsingagjöf

- 7.1. Miðlun tímanlegra og skiljanlegra upplýsinga
- 7.2. Rafræn þjónusta.
- 7.3. Skilvirk og örugg meðferð gagna.
- 7.4. Byggja upp öfluga þekkingu innan stofnunarinnar
- 7.5. Samstarf við hagaðila.

Lýsing verkefnis	Teymi
Upplýsingaefni fyrir sveitarfélög	Teymi friðlýsinga og áætlana
Kynning á starfi friðlýsingateymis	Teymi friðlýsinga og áætlana
Rafræn skil á málaskrá - skilalaun	Teymi gæða, gagna og upplýsinga
Þarfagreining um utanhald um starfsmenn á friðlýstum svæðum	Teymi gæða, gagna og upplýsinga
Greining á innleiðingu á ISO 27001	Teymi gæða, gagna og upplýsinga
Sjálfvirkur svarpóstur	Teymi gæða, gagna og upplýsinga
Málalykill fyrir nýtt skjalavistunartímabil	Teymi gæða, gagna og upplýsinga
Ný notendahandbók vegna skjalaskráningar	Teymi gæða, gagna og upplýsinga
Texti á ensku um málaflokka Umhverfisstofnunar	Teymi gæða, gagna og upplýsinga
Stafræn innleiðing- Hvernig og hvað svo	
Áætlun um reglubunda endurmenntun	
Tillaga um aukið eignarhald á samráðsfundum	Skrifstofa forstjóra
Miðlun helstu niðurstöðum losunarbókhalds til almennings	Teymi loftslags og loftgæða

Lýsing afgreiðsluverkefnis	Áætlun 2016	Raun 2016	Áætlun 2017	Raun 2017	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2019	Máls- hradi
Útgáfa ársskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	
Útgáfuáætlun	1	1	1	1	1	1	1	
Útgáfa umhverfisskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	
Útgáfa ársáætlunar	1	1	1	1	1	1	1	
Fjöldi fréttar á heimasíðu				96	205	152	160	
Fjöldi fréttar á facebook				206	275	302	400	
Fjöldi rafrænna leiðbeininga/bæklinga				5	4	3	1	
Fjöldi prentaðra bæklinga					1	1	0	
Fjöldi boosta á facebook				78	87	98	110	
Fjöldi afgreiddra tölvupósta á ust@ust.is					4000	7000	7000	
Fjöldi mála stofnuð í GoPro				3242	3000	3924	4000	
Fjöldi afgreiðslna á gagnabeiðnum				44	60	17	45	
Fjöldi mála færð yfir í skilalaun					2000	1500	10000	
Fjöldi uppsettra tölva					24	29	24	
Mánaðarleg tölfærði fyrir simkerfi					12	0	6	

## 8. Fyrirmyndarstofnun

- 8.1. Öflugur stuðningur við kjarnastarfsemi
- 8.2. Skilvirkir og markvissir verkferlar
- 8.3. Eftirsóknarverður vinnustaður
- 8.4. Leiðandi í grænum rekstri
- 8.5. Ábyrgur rekstur

Lýsing verkefnis	Teymi
Jafnlaunavottun - framhald	Skrifstofa forstjóra
Grænt bókhald	Teymi rekstrar og fjármála
Úttekt á notkun rafmagnsbíls á S-24	Teymi rekstrar og fjármála
Samgöngusamningar - gagnagrunnur	Teymi rekstrar og fjármála
Nefndastörf starfsmanna - gagnagrunnur	Teymi rekstrar og fjármála
Verklag ferða - uppfæra verkferla	Teymi rekstrar og fjármála
Útreikningur CO2 floginna km - ertendar ferðir	Teymi rekstrar og fjármála
Matarskráning á gogn.ust.is	Teymi rekstrar og fjármála
Innleiðing persónuverndarstefnu	Teymi gæða, gagna og upplýsinga
Gæðahandbók - ný nálgun	Teymi gæða, gagna og upplýsinga

Lýsing afgreiðsluverkefnis	Áætlun 2016	Raun 2016	Áætlun 2017	Raun 2017	Áætlun 2018	Raun 2018	Áætlun 2019	Máls- hradi
Fjöldi afgreiddra reikninga		2165		2134	2000	1977	2000	
Fjöldi TBR reikninga v mengunarv.eftirlits		90		142	95	111	115	
Fjöldi útgefna reikninga í AR		964		840	900	850	900	
Samráðsfundir við helstu hagaðila UST	53	56	50	32	52	34	65	
Samgöngusamningar	50	56	50	54	50	56	55	
Fjöldi afgreiddra reikninga v innkaupakort		1030		1184	1000	1448	1500	
Fjöldi pantaðra ferða utanlands		120			150	156	216	
Fjöldi pantaðra ferða innlands		223			230	200	200	
Skráning nýrra verknumera		417	600	593	600	495	500	
Afgreiðsla/móttaka landverðabúnaðar		47			70	86	75	

# Áætlaður rekstur árið 2019

Árið 2019 er áætlað að heildargjöld Umhverfisstofnunar nemi 1.900 m.kr., heildartekjur 347,3 m.kr. og höfuðstóll í árslok 112,9 m.kr.

## **Áætluð rekstrargjöld árið 2019**

Mynd 1 sýnir hvernig áætluð rekstrargjöld Umhverfisstofnunar árið 2019 (1.854 m.kr.) skiptast niður á teymi stofnunarinnar.

## **Áætlaðar rekstrartekjur árið 2019**

Mynd 2 sýnir skiptingu helstu tekjustofna Umhverfisstofnunar árið 2019 en rekstrartekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 347,3 m.kr.

## **Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða árið 2019**

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður árlega taxa fyrir laun minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða þeim fyrir veiðarnar. Sveitarfélögin senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar, ásamt reikningum sem stofnunin endurgreiðir þeim í samræmi við taxa ráðherra. Samningar um greiðslur fyrir refaveiðar eru gerðir fyrirfram. Áætlað er að endurgreiðslur vegna refaveiða nemi 28 m.kr. árið 2019 og vegna minkaveiða 18 m.kr.

## **Áætlaðar framkvæmdir árið 2019**

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum fjármagnar stærstan hluta þeirra framkvæmda sem Umhverfisstofnun sinnir á friðlýstum svæðum. Áætlað er að framkvæma fyrir 578 m.kr. á friðlýstum svæðum árið 2019. Áformað er að umfangsmestu framkvæmdirnar verði við Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi, Dynjanda, Gullfoss og Geysi.



